

„það skal eg segja þér, minn göfugi og góði vinur,“ sagði Páll, og skifti litum. „Þig hlýtur að gruna, hvaða hug eg og dóttir þín berum hvort til annars?“

„Einmitt það,“ sagði sir Stefán, og var allur brosandí. Þú vilt láta Marju taka sér nafn þitt, þykist eg skilja?“

„Já.“

„Sé hún því samþykk, þá get eg fullvissað þig um það, að mér er sönn ánægja að því, að hún geri það. Já, göfuga ungmenni, þú skalt verða sonur minn og eg skal verða faðir þinn.“

*

*

*

Eftir viku voru yfirvöldin í Caraccas búin að leggja undir sig eignir ræningjaforingjans hjá Silfurá, og sir Stefán Humphrey var kominn til borgarinnar með vini sína. Náttúrlega fór trygglynda Indíanastúlkan með húsmóður sinni, sem hún elskaði svo heitt, og Villi Mason fór með Páli.

Næsta ár, þegar vorsólin var búin að skreyta „gamla England“ með blómskrúði sínu, þá var glatt á hjalla í gamla húsinu í Humphrey Park. Sir Stefán var orðinn ungur í annað sinn, og Páll og Marja voru gift og fengu nú að njóta lífsins á sömu stöðvunum, sem þau léku saman á þegar þau voru börn, og sem smátt og smátt rifjuðust upp fyrir þeim.

Villi Mason, sem sýndi það í öllu, að hann var